

EI – Þráðlausir reykskynjarar



Þegar búið er að festa upp reykskynjarana og setja rafhlöður í skal prófa þá alla með því að halda inni prufuhnappnum á hverjum skynjara fyrir sig og ganga þannig úr skugga um að allir virki sem skyldi. Nú skal athuga merkjasendingu á milli þeirra og er það gert með því að halda niðri prufuhnappnum þar til rautt gaumljós kviknar sem sýnir að skynjarinn er að senda merki. Nú ætti að heyrast hljóð frá hinum í fjarlægð. Ef ekkert heyrast skal snúa eða færa reykskynjarann.

Það er að sjálfsögðu áriðandi að skynjararnir sendi skilaboð hver til annars. Fjöldi veggja, lofta og málmhlutir geta minnkað styrkleika á sendingum milli skynjara. Þar af leiðandi gætu skynjarar sent veik merki sín á milli. Þegar verið er að prófa skynjarana og einhver þeirra svarar ekki þá þarf annað hvort að:

i) Breyta þeim í svo kallað magnarakerfi (repeater).
eða

ii) snúa eða færa til skynjara. Það eru ýmsar ástæður fyrir því að skynjarar ná ekki til hvers annars eins að þeir geta trufast af annars konar merkjasendingum.

Ef færa þarf til skynjara er mikilvægt að þeir haldist innan fjarlægðamarka hvers annars, jafnvel þótt þeir hafi verið húskóðaðir. Þess vegna skal prófa alla skynjara þegar þeir eru komnir á endanlegan stað, setja þá á verksmiðjustillingu og síðan húskóða aftur. Að lokum skal prófa þá alla upp á nýtt.

Þessir þráðlausu reykskynjarar veita það öryggi að viðvörðun heyrast alls staðar – einnig í lokuðum herbergjum. Þeir verða virkir um leið og rafhlöður eru settar í. Til að prófa þá þarf að setja rafhlöður í og síðan halda niður prufuhnappnum á fyrsta skynjara þar til gult gaumljós lýsir stöðugt í 3.5 sek. Allir hinir skynjarnir svara innan 5 sek.

Ef hætta er á að nágrenninn sé með slíka skynjara þá ættuð þið að húskóða ykkar skynjara svo þeir trufla ekki skynjara nágrennans eða öfugt. Þetta er auðveldlega gert og tekur örfáar mínútur.

Húskóðun reykskynjara varnar því að skynjarar nágrennans fari af stað og öfugt. Þessi svokallaða húskóðun breytir merkinu sem þeir gefa frá sér.

Gangið úr skugga um að rafhlöður séu í öllum skynjum áður en þið byrjið.

1) Opnið skynjarann (sjá mynd 9). Haldið húskóðahnappinum inni þar til gula gaumljósið kviknar og sleppið þá. Gula ljósið mun þá blikka hratt í 1 sek. og það gefur til kynna að skynjarinn sé núna eingöngu stilltur fyrir ykkar heimili.

2) Gangið síðan á næsta skynjara og farið eins að og síðan á alla skynjara koll af kolli.

3) Þegar skynjarar eru komnir í húskóða ykkar blikkar gula ljósið nokkrum sinnum á 5 sek. fresti sem þýðir:

- a) Skynjararnir eru komnir í húskóða
- b) Allir skynjarar eru nú hluti af þessum kóða

Sem dæmi: Ef þú ert með 3 skynjara í þessu kerfi átt þú að sjá gulu ljósin blikka 3 sinnum á 5 sek. fresti, með 4 skynjara blikkar það 4 sinnum o.s.frv. Einnig munt þú sjá blátt ljós blikka á fjarstýringunni ef hún er einnig sett í kóða. Hámark blikka er 12 þrátt fyrir að þú hafir fleiri en 12 skynjara á heimilinu.

Gangið úr skugga um að gulu ljósblikkin séu jafn mörg og skynjararnir sem þú ert með í gangi.

Skynjarnir haldast í húskóða í 15 mín. og endurstillast þá sjálfkrafa. Einnig er hægt að taka þá úr þessum kóða með því að ýta á og halda inni viðkomandi hnappi þar til gula ljósið kviknar aftur. Það slökknar á ljósinu um leið og hnappnum er sleppt og sýnir að þeir eru ekki lengur í húskóðunarham.

Hægt er að bæta við auka skynjara eða fjarstýringu hvenær sem er. Eingöngu þarf að setja alla eldri skynjara og viðbótar skynjarann í húskóðun samtímis.

Með venjulegri uppsetningu í eins eða tveggja hæða húsi, ætti merkjastyrkur að vera nægur til að setja af stað alla skynjara. Í einstaka tilfellum má vera að allir skynjarar nái ekki merkjum og þá er nauðsynlegt að setja þá í magnara kerfi (repeater). Þetta er þannig að sá skynjari sem settur er í þetta kerfi magnar upp merkjasendingu í öllu kerfinu. Við mælum með að þegar þrír eða fleiri skynjarar eru settir upp skal velja miðskynjara til að setja í magnarakerfi, sem er gert á eftirfarandi hátt:

- i) Veljið skynjara sem næst miðju kerfi.
- ii) Ýtið og haldið niðri prufuhnappnum þar til hjóð heyrir og gula gaumljósið kviknar, síðan skal strax (á meðan ljósið er á) ýta á húskóðahnappinn og halda inni þar til gula ljósið blikkar rólega. (Það blikkar 15 sinnum til að sýna að skynjarinn er í magnara ástandi).

Mælt er með að aðeins einn skynjari sé þannig stilltur. Ef fleiri eru í þessu magnarakerfi gæti það truflað samband á milli skynjara.

Fjarstýring:

Fjarstýring EI410T gerir þér kleift að prófa reykskynjarana án þess að þurfa að teygja þig upp í loft. Athugið að einnig þarf að húskóða fjarstýringuna og tekur hún eitt pláss í tengingunni. Hámarksfjöldi samtengdra skynjara verður því 11 stk. + fjarstýring.

Húskóðun fjarstýringar er framkvæmd um leið og reykskynjararnir eru kóðaðir. Ef fjarstýringin er keypt seinna þarf að setja hana inn á sama hátt og um viðbótarskynjara sé að ræða. Húskóðun fjarstýringarinnar er framkvæmd þannig.

- i) Allir skynjarar eru settir í húskóðunarham
- ii) Ýtið samtímis á hnappana tvo sitt hvoru megin við prufuhnappinn á fjarstýringunni (sjá mynd 1b) þar til rauða ljósið kviknar. Það mun nú blikka í um 15 mínútur sem sýnir að fjarstýringin er í húskóðunarham.
- iii) Fjarstýringin sendir nú merki til allra skynjara sem einnig eru í húskóðunarham innan svæðisins. Athugið að ef langt er á milli fyrsta og síðasta skynjara þarf að ganga með fjarstýringuna á milli til að tryggja að allir skynjararnir þekki merkið frá henni.
- iv) Gangið úr skugga um að fjöldi ljósblikka samsvari fjölda skynjara + fjarstýringar. Þannig að t.d. 3 skynjarar auk fjarstýringar eiga að sýna 4 blikk.
- v) Takið skynjarana úr kóðunarham samkvæmt leiðbeiningum
- vi) Takið fjarstýringuna úr kóðunarham með því að ýta aftur samtímis á hnappana tvo sitt hvoru megin við prufuhnappinn þar til rauða ljósið logar stöðugt. Sleppið þá hnöppunum og þá á ljósið að vera hætt að blikka. (Fjarstýringin fer samt sjálfkrafa úr kóðunarham eftir 15 mínútur ef ekkert er gert)
- vii) Prófið að lokum skynjarana einn af öðrum með fjarstýringunni og tryggið að hún setji þá í gang. Ýtið þannig á prufuhnappinn, við það á rauða ljósið að kvikna sem gefur til kynna að fjarstýringin sé að senda merki skynjarinn á því að fara í gang innan 20 sek. Framleiðandi mælir með að skynjarar séu prófaðir vikulega.

Fjarstýringu fylgir rafhlaða sem á að duga í um það bil 10 ár undir venjulegum kringumstæðum. Auðvelt er að skipta um rafhlöður. Ýtið á prufuhnappinn á fjarstýringu þar til rautt gaumljós birtist. Það gefur til kynna að fjarstýringin sendi frá sér merki. Ef þetta virkar ekki skal fjarlægja rafhlöðuna, halda hnappnum niðri í 10 sek. og síðan setja rafhlöðuna aftur í. Reykskynjarinn ætti að svara innan 20 sek. sé hann innan fjarlægðarmarka. (fjarlægðarmörk eru yfir 10 metrar innahúss en þetta fer eftir því hvernig veggir eru).

Áríðandi er að fjarstýring sé ávallt við hendina og mælt er með að hún hangi á vegg nálægt einum skynjaranum, t.d. í forstofugangi.